

Fundargerð 134. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 13. ágúst 2024 kl. 13:00-14:30.

Haldin í fjarfundi.

Boðuð: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Helga Kristín Kolbeins., Hulda Birna Baldursdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Heiðrún Björk Gísladóttir, Karl Rúnar Þórsson.

Gestir: Sara Dögg Svanhildardóttir, sérfræðingur hjá VMST
Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir og Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerð hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt.

2. Færni á vinnumarkaði (fskj. 02 Færni á vinnumarkaði).

Sara Dögg Svanhildardóttir fer yfir markmið verkefnisins og stöðu þess.

Erindi: Óskað er eftir að námskráin Færni á vinnumarkaði (Smiðja 1-2.2) verði tekin inn á verðlista Fræðslusjóðs þegar hún hefur hlotið vottun og að lágmarksstærð nemendahóps megi vera einungis sex einstaklingar, í stað 10 eins og almennt gildir um námskrár framhaldsfræðslunnar.

Sara Dögg fór yfir stöðu verkefnisins *Færni á vinnumarkaði* sem byggir m.a. á Landsáætlun um málefni fatlaðs fólks og stefnu stjórnvalda í málaflokknum. Markmiðið er auka náms- atvinnutækifæri fatlaðs fólks m.a. með þróun námsleiða til að efla hæfni þess til þátttöku í atvinnulífinu. Meðal annars hefur í samstarfi FA, VMST og Fjölmenntar verið skrifuð smiðja á þrepi 1-2.2 Færni á vinnumarkaði sem er 180 klst. nám sem skiptist í 70 klst. fræðslu og 110 klst. starfspjálfun. Náminu lýkur með útgáfu á Fagbréfi atvinnulífsins.

Haustið 2024 verður námskráin tilraunakennd hjá fræðsluaðilum framhaldsfræðslunnar / samstarfsaðilum Fræðslusjóðs. Er tilraunakennslan fjármögnuð af verkefninu.

Afgreiðsla: Samþykkt að fresta afgreiðslu um þátttöku Fræðslusjóðs þar til niðurstaða tilraunakennslunnar liggur fyrir, en vonir standa til að námskráin verði samþykkt á verðlista Fræðslusjóðs áður en nýr verðlisti verður gefinn út í byrjun næsta árs.

3. Raunfærnimat sjúkraliða (fskj. 03 Ályktun Fagfélags hjúkrunarkennara)

Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA.

Borist hefur ályktun frá Fagfélagi hjúkrunarkennara vegna raunfærnimats í sjúkraliðanámi. Þar er mótmælt fyrirætlun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um að fjölga áföngum í raunfærnimati í sjúkraliðanámi.

Haukur fór yfir helstu atriði ályktunar Fagfélags hjúkrunarkennara og sjónarmið FA. Vakti hann athygli á að um raunfærnimat gilda lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð 1163/2011 um framhaldsfræðslu. Þar kemur skýrt fram réttur einstaklingsins að fá raunfærni sína metna.

(Sjá fskj. 03. *Í kjölfar ályktunar Fagfélags hjúkrunarkennara, sem bætt hefur verið í gagnasafn fundarins á Teams.*)

4. Grænbók – staðan og næstu skref

Hulda Anna Arnljótsdóttir, varaformaður stjórnar F.sj.

Hulda Anna fór yfir stöðuna á endurskoðun laga um framhaldsfræðslu. Þrátt fyrir umfangsmikið samtal á undanförunum tveim árum liggur endanleg grænbók ekki fyrir. Vonir standa til að fljótlega verði gert ljóst hver næstu skref verði í endurskoðun laganna.

5. Önnur mál

a. Námsferð stjórnar haust 2024

Lagt til stjórn taki frá dag í haust og fari í heimsókn til fræðsluaðila, samstarfsaðila sjóðsins. Lagt var til að IÐAN og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum yrðu heimsóttar. Yrðu báðar heimsóknirnar sama dag; IÐAN fyrir hádegi og MSS eftir hádegið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.